

Á haustönn 2006 var gerð breyting á stjórnskipulagi ME og tekið í notkun nýtt skipurit. Var meðal annars ráðinn aðstoðarskólameistari og verksviði kennslustjóra breytt.

Í mars árið 2007 svöruðu kennarar Menntaskólans á Egilsstöðum spurningum um yfirstjórn og fyrirkomulag á starfsháttum skólans. Var þar komið inn á þætti eins og frumkvæði um stjórnun, stefnumörkun, verkaskiptingu, kjaramál og skólaþróun svo eitthvað sé nefnt. Í heild svöruðu 24 af 25 kennurum skólans, eða 96% þeirra, en svarhlutfall var þó mismunandi eftir spurningum. Skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri voru ekki í úrtakinu. Þessi könnun var liður í innra mati á skólastarfi ME.

Spurningalisti könnunarinnar, sem í eru 64 spurningar, var saminn af starfshópi innra mats og skiptist hann í kaflana: *Forysta skólameistara*, *Forysta aðstoðarskólameistara*, *Forysta áfangastjóra*, *Kennslustjórar*, *Verkaskipting*, *Stefnumörkun*, *Sveigjanleiki/félagslíf*, *Samstarf við aðila utan skólans*, *Kjaramál* og *Skólaþróun* (sjá viðauka). Við gerð listans var Framhaldsskólaráðgjafi, matstæki þróað af Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri, hafður til hliðsjónar. Þátttakendur svöruðu spurningunum í tölvu.

Sjö manna starfshópur um innra mat skólans vann úr niðurstöðum og er greint frá þeim í þessari skýrslu. Auk þess má finna umræðu um helstu niðurstöður og tillögur til úrbóta aftast í skýrslunni. Er það von og trú starfshópsins að þessi skýrsla megi nýtast stjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans sem tæki til bætts skólastarfs. Starfshópurinn skipa: Arnar Sigbjörnsson (hópstjóri), Ingibjörg Bergmundsdóttir, Jón Ingi Sigurbjörnsson, Sigrún Blöndal, Sigrún Hrafnisdóttir, Sigurður Ingólfsson og Þorbjörn Rúnarsson.